

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Köllunarklettsvegur 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 17. mars 2022, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst hækkun á núverandi byggingu úr tveimur hæðum í fjórar hæðir, stækkun á byggingarreit til suðvesturs til að koma fyrir viðbyggingu fyrir flóttastiga og breyting á fjölda bílastæða samkvæmt reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Álfheimar 74.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur 23. mars 2022, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, breytingu á deiliskipulagi Álfheima 74 – Glæsibæjar vegna lóðarinnar nr. 74 við Álfheima. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir tæknirými ofan á þaki B og C húss. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Geirsgata 9.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 22. apríl 2022, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsenreits vegna lóðarinnar nr. 9 við Geirsgötu. Í breytingunni felst að skipulagssvæði Vesturbugtar er stækkað þannig að Geirsgata 9 verði hluti af reit 8 á skipulagssvæðinu ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit í anda verbúðanna við Geirsgötu 3-7 í samræmi við gildandi rammaskipulag Graeme Massie arkitekta um þéttingu byggðar í Gömlu höfninni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugarnesvegur 75.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur 22. apríl 2022, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis norðan Sundlaugavegar vegna lóðarinnar nr. 75 við Laugarnesveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar vegna byggingar anddyris á norðurhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Malarhöfði 6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 9. maí 2022, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, breytingu á deiliskipulagi Bildshöfða – Sævarhöfða vegna lóðarinnar nr. 6 við Malarhöfða. Í breytingunni felst heimild til að hækka viðbyggingu og nýr byggingarreitur fyrir skýli á suðurhluta lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Austurstræti 17.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 13. maí 2022, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn

Reykjavíkurborgar, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 17 við Austurstræti. Í breytingunni felst að heimilt er að vera með flóttastiga á norðurhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 19. maí 2022.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 2. júní 2022